

Fjárfestingastefna 2026



Efnisyfirlit**Bls.**

Fjárfestingastefna Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja árið 2025	4
Forsendur	4
Tryggingafræðilegt mat.	5
Áætlað framtíðargreiðsluflæði.....	5
Álagspróf.....	7
Núverandi eignasamsetning.....	7
Markmið um eignasamsetningu og vikiörk.....	8
Aðrir þættir fjárfestingastefnu.....	10
Nánari reglur og takmarkanir um fjárfestingar	10
Erlend verðbréf.....	10
Óskráð verðbréf	10
Fyrirtæki sem eingöngu sinna þjónustuverkefnum fyrir sjóðinn.....	10
Markmið um gjaldmiðlasamsetningu	10
Viðmið um notkun afleiðusamninga	10
Markmið um meðallíftíma skuldabréfaflokka í árum.....	11
Sjálfbærar fjárfestingar	11
Markmið og viðmið um ávöxtun og áhættu	11
Markmið um atvinnugreinaskiptingu	12
Fjárfestingar sem þurfa samþykki stjórnar	12
Áhættustýring og eftirfylgni	12
Greinargerð um hlýtingu við 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997.....	12
Stefna Lífeyrissjóðs Vestmanneyja um ábyrgar fjárfestingar	13
Inngangur.....	13
Markmið stefnunnar	13
Um framkvæmd stefnunnar	13
Framkvæmd ábyrga fjárfestinga.....	14
Fjárfestingastefna séreignadeildar LSV	15
Forsendur.....	15
Markmið um ávöxtun og áhættu eignasafna séreignadeildar	15
Markmið um eignasamsetningu og vikiörk	15
Markmið um meðallíftíma skuldabréfa	15
Viðmið um notkun afleiða.....	15
Hámarksfjárfesting í verðbréfum útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni	16
Hámarkshlutdeild í hlutafé einstakra fyrirtækja	16
Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af verðbréfasjóði/fjárfestingasjóði eða deild þeirra.....	16
Hámarksfjárfesting í verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðum innan sama rekstrarfélags	16
Hlutfall fasteignaveðtryggðra skuldabréfa	16
Hlutfall eigna í virkri stýringu	16
Markmið um hlutfall lausafjár.....	16
Markmið um gjaldmiðlasamsetningu verðbréfasafns.....	16
Markmið um atvinnugreinaskiptingu verðbréfasafns.....	16
Lokaorð og undirritun	17

Fjárfestingastefna Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja árið 2026

Forsendur

Fjárfestingastefna Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja er mótuð af stjórn sjóðsins í samræmi við 36 gr. laga nr. 129/1997 og reglugerð nr. 916/2009 um form og efni fjárfestingastefnu lífeyrissjóða. Stefnan er verkfæri stjórnar og þeirra þjónustuaðila sem stýra eignum fyrir sjóðinn. Stefna þessi er kynnt sjóðfélögum á ársfundi sjóðsins sbr. 3. mg. 30. gr. laga nr. 129/1997. Einnig skal hún vera birt á heimasíðu sjóðsins og vera hluti af ársreikningi hans.

Fjárfestingar lífeyrissjóðsins og skipting verðbréfaeignar hans í einstaka flokka, sem og frekari viðmiðanir og skilyrði varðandi einstakar fjárfestingar, skulu á hverjum tíma uppfylla ákvæði gildandi samþykktu hans og laga nr. 129/1997. Fjárfestingastefnan skal aðlöguð gildistöku lagabreytinga á hverjum tíma.

Stjórn lífeyrissjóðsins fer yfir eignasamsetningu hans að lágmarki ársfjórðungslega með hliðsjón af þróun og horfum á fjármagnsmarkaði og samsetningu markaðarins. Stjórnin gerir breytingar á fjárfestingastefnunni ef ástæða þykir til. Þess skal gætt að sjóðurinn hafi ætíð yfir að ráða nægilegu lausafé til greiðslu lífeyris og annarra skuldbindinga. Það er m.a. gert með því að vera alltaf með opna yfirdráttarheimild að fjárhæð allt að 1% af heildareignum sjóðsins eða að lágmarki 3 mánaða útgjöldum vegna lífeyris og rekstrar.

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja er langtímafjárfestir og leggur það sjónarmið til grundvallar fjárfestingum og stýringu á verðbréfaeign sinni í því skyni að hámarka ávöxtun sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma að teknu tilliti til áhættu.

Helsti áhættuþátturinn í rekstri sjóðsins er að eignir sjóðsins haldi ekki í við skuldbindingar hans og skerða þurfi réttindi. Við gerð fjárfestingastefnu er því horft til þess að þrátt fyrir að sjóðurinn sé langtímafjárfestir og geti tekið skammtímasveiflum á markaði til þess að ná betri ávöxtun mega þær sveiflur ekki verða það miklar að skerða þurfi réttindi.

Við gerð fjárfestingastefnu er þess gætt að val eignaflokka og eignasamsetning sé nægilega fjölbreytt þannig að samþjöppun og uppsöfnun áhættu sé takmörkuð með viðeigandi hætti í fjárfestingum sjóðsins. Við þetta er m.a. litið til fylgni á milli ávöxtunar viðkomandi eignaflokka.

Árið 2025 hefur einkennst af óvissu tímum, stýrivextir hafa lækkað á Íslandi hægar en vonast var eftir, verðbólga verið þrálát og verið í kringum 4%, hátt í samanburði við viðmiðunarlönd. Vísbendingar og væntingar markaðsaðila benda til þess að verðbólga hjaðni undir lok árs 2026 en verði engu að síður töluvert yfir 2,5% verðbólgu markmiðum Seðlabanka Íslands. Hagstofan telur líkur á að verðbólga hjaðni á næstu árum. Verði um 3% undir lok árs 2026, og verði komin í markmið árið 2027.

Innlendur verðbréfamarkaður hefur verið erfiður þetta árið, OMXPI hlutabréfavísitalan íslenska lækkaði um rúm 9% á fyrstu ársfjórðungum þessa árs á meðan alþjóðlega MSCI World Index hlutabréfavísitalan hækkaði um tæp 12% á sama tímabili. Íslenska krónan hefur á sama tíma styrkst gagnvart erlendum myntum.

Mikil alþjóðleg efnahagsleg óvissa er til staðar í heiminum m.a. innrás Rússlands í Úkraínu sem stendur enn yfir í ár. Tollastefna Bandaríkjaforseta, aukin spennan milli Rússlands, Bandaríkjanna og Evrópu hefur aukið pólitíska áhættu töluvert og eru stórar breytur í þessari miklu óvissu sem nú ríkir, allt hefur þetta áhrif á efnahags- og fjármálastöðugleika hér á landi og í heiminum öllum. Innanlands er pólitísk áhætta einnig töluvert, stefna ríkisstjórnarinnar um inngöngu í ESB er skýr en efnahagslegar afleiðingar liggja ekki fyrir. Hækkun veiðileyfagjalda kemur til framkvæmda árið 2026 og eru blíkur á lofti í sjávarútvegi vegna þessa. Loðnuleysi tvö ár í röð auk óvissu með komandi loðnuvertíð skapar aukna óvissu fyrir sjávarútveginn og um leið starfsvæði lífeyrissjóðsins þar sem sjóðsfélagar starfa flestir í sjávarútvegi eða tengdum greinum.

Í nýjustu spá Seðlabankans er gert ráð fyrir lægri hagvexti í okkar helstu viðskiptalöndum eða um 1,4% hagvexti á árinu 2026.

Fyrir liggur áætlun tryggingastærðfræðings um framtíðargreiðsluflæði. Sérhæfðar örorkulíkur eru miðaðar við reynslu sjóðsins árin 2016-2022. Heildarlífeyrisgreiðslur sjóðsins námu um 3.577 milljónum árið 2024 og gerir tryggingastærðfræðingurinn ráð fyrir að þær vaxi nokkuð línulega. Gert er

ráð fyrir að árið 2026 verði lífeyrisbyrði yfir 155% þar er ekki reiknað með nýliðun. Réttindaávinnsla er aldurstengd frá 1. júlí 2005.

Þróun lífeyrisbyrðar		Upphæðir í milljónum króna		
Ár	Lífeyrisbyrði	Iðgjöld	Lífeyrir	Mismunur
2015	98,9%	1.349.750	1.334.603	15.147
2016	107,9%	1.341.332	1.446.714	-105.382
2017	113,3%	1.360.405	1.541.089	-180.684
2018	110,5%	1.512.711	1.627.264	-114.553
2019	113,1%	1.620.963	1.832.913	-211.950
2020	117,6%	1.718.694	2.021.813	-303.119
2021	113,2%	1.942.047	2.198.060	-256.013
2022	114,1%	2.229.189	2.543.356	-314.167
2023	131,0%	2.428.711	3.181.220	-752.509
2024	151,9%	2.355.041	3.577.324	-1.222.283

Tryggingafræðilegt mat.


Tryggingafræðileg staða var neikvæð um 2,9% af heildarskuldbindingum í árslok 2024, batnaði frá fyrra ári. Við mótnun fjárfestingastefnu er tekið tillit til tryggingafræðilegrar stöðu. Raunávöxtun sjóðsins fyrstu níu mánuði ársins 2025 er neikvæð um 3,7% og er áætluð tryggingafræðilega staða neikvæð um 7,7% fyrstu níu mánuði ársins 2025.

Áætlað framtíðargreiðsluflæði


Myndir 1 og 2 sýna áætlað framtíðargreiðsluflæði miðað við sjóðfélaga í lok árs 2024. Myndirnar sýna niðurstöður tryggingafræðilegrar athugunar á myndrænu formi þar sem útreikningur er miðaður við sömu forsendur og við tryggingafræðilega athugun sjóðsins.

Mynd 1 sýnir áætlað sjóðstreymi sjóðsins. Sjá má að eignir sjóðsins ná hámarki á árinu 2035 en þá er áætlað að útgreiðslur byrji að verða hærri en inngreiðslur. Framtíðargreiðsluflæði og sjóðstreymi gefa því ekki tilefni til þess að takmarka mögulega samsetningu fjárfestingastefnu umfram ákvæði 7. kafla laga nr. 129/1997 því væntanlegur fjárfestingatími er tiltölulega langur.

Mynd 1, Tekjur, gjöld og eignir




Mynd 2, Tekjur og gjöld



Núvirði þeirra lífeyrisgreiðslna og kostnaðar sem eru á myndunum eru sýndar miðað við 3,5% ávöxtun í tryggingafræðilegri athugun í lok árs 2024. Iðgjaldagreiðslur og vaxtatekjur sem myndirnar sýna eru sömuleiðis byggðar á endurmati eigna miðað við 3,5% ávöxtunarkröfu og 3,5% raunhækkun réttinda til framtíðar.

Áætlaðar útgreiðslur verða hærri en áætluð iðgjöld og vextir árið 2035 fyrir sjóðinn og þá mun, miðað við þessar forsendur, sjóðurinn byrja að ganga á eignir sínar.

Mynd 3, Fjöldi lífeyrisþega



Í árslok 2024 var meðalaldur allra sjóðfélaga sjóðsins 52,3 ár, en meðalaldur greiðandi sjóðfélaga var 38 ár. Á mynd 3 er sýnd áætluð fjöldaþróun lífeyrisþega en á henni er ekki gert ráð fyrir nýliðun.

Álagspróf

Sjóðurinn skilar árlega inn álagsprófi til FME í samráði við tryggingastærðfræðing sjóðsins. Niðurstöður prófsins sýna að eignasafn stenst öll próf nema lækkun á ávöxtunarkröfu en engar áætlanir eru um slíkt.

	Tryggingafræðileg staða		Breyting á stöðu	
	2024	2023	2024	2023
Núverandi staða.....	-5,2%	-4,3%		
Tryggingafræðileg krafa lækkuð úr 3,5% í 3,0%.....	-12,5%	-11,8%	-7,3%	-7,5%
Lífðóflur hliðrast um 2 ár.....	-9,8%	-8,9%	-4,6%	-4,6%
Örorkulíkur auknar um 10%.....	-6,1%	-5,2%	-0,9%	-0,9%
Vísitala neysluverðs hækkun ársins aukin um 0,5%.....	-5,4%	-4,5%	-0,2%	-0,2%
Gengi ISK styrkist um 10%.....	-7,6%	-6,8%	-2,4%	-2,5%
Veðskuldabréf lækka um 10%.....	-5,4%	-4,6%	-0,2%	-0,3%
Markaðskuldabréf lækka um 10%.....	-7,5%	-6,4%	-2,3%	-2,1%
Erlend hlutabréf lækka um 10%.....	-6,9%	-6,0%	-1,7%	-1,6%
Innlend hlutabréf lækka um 10%.....	-6,7%	-5,9%	-1,5%	-1,6%

Núverandi eignasamsetning

Eignasamsetning sjóðsins er í meginatriðum samsvarandi markmiði um eignasamsetningu samkvæmt fjárfestingastefnu. Eignasamsetning er innan vikmarka fyrir alla eignaflokka og hefur því ekki takmarkandi áhrif á mögulega fjárfestingastefnu umfram ákvæði laga 129/1997.

Árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins til kaupa á verðbréfum hefur að meðaltali verið um 5,1 milljarðar undanfarin 5 ár. Hlutfall skuldabréfa er nú um 38% af fjárfestingum sjóðsins og greiðsluflæði frá núverandi skuldabréfaeign er áætlað að verði eftirfarandi næstu 5 ár:

Árlegt greiðsluflæði frá skuldabréfum á verðlagi október 2025					
Árin	2026	2027	2028	2029	2030
Milljónir	2.029	2.058	2.507	3.283	3.047

Eðlilegt er talið að vægi skuldabréfa í fjárfestingum sjóðsins sé á bilinu 30-50%. Meðallíftími skuldabréfasafns sjóðsins er nú um 10 ár og er stefnt að því að viðhalda sem lengstum líftíma með fjárfestingum í löngum skuldabréfum með ásættanlegri ávöxtun. Skráðar eignir sjóðsins eru um 83% af heildareignum. Seljanleiki þeirra eigna er misjafn en þær teljast allar vera í virkri stýringu. Hlutföll verðbréfaflokka miðast við hreina eign sjóðsins til greiðslu lífeyris, eins og hún er á hverjum tíma. Öll frávik frá vikiðum skulu gerð með samþykki stjórnar sjóðsins. Miðað við aðstæður á fjármálamarkaði eru vikið höfð hæfilega rúm til að binda ekki hendur sjóðsins ef umhverfið breytist hratt. Stjórn sjóðsins fylgist vel með öllum frávikum frá stefnu þó þau fari ekki út fyrir vikið.

Allar fjárfestingar sjóðsins skulu byggðar á viðeigandi greiningu á upplýsingum með öryggi, gæði, lausafjárstöðu og arðsemi safnsins í heild í huga.

Markmið um eignasamsetningu og vökmörk.

	Stefna	Vökmörk
A.a. Skuldabréf ríkis og með ríkisábyrgð Undir þennan flokk falla aðildarríki OECD, Evrópska efnahagssvæðisins og Færeyjar.	16%	10% - 60%
A.b. Veðskuldabréf Undir þennan flokk falla skuldabréf með veði í íbúðarhúsnæði að hámarki 75% af markaðsvirði. Af öðru húsnæði skal þetta hámark vera 50%. Ef greiðslugeta skuldara er óviss eða ótrygg, skal gera auknar kröfur um veðsetningu og markaðshæfi eignar. Stjórn sjóðsins mun setja nánari reglur um útlán til sjóðfélaga ef til þeirra kemur.	3%	0% - 15%
B.a. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga Undir þennan flokk falla skuldabréf og víxlar sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., ásamt skuldabréfum og víxlum með ábyrgð þessara aðila.	8%	3% - 20%
B.b. Innlán Bundin og óbundin innlán hjá viðskiptabönkum eru fyrst og fremst skammtíma fjárfesting. Samanlagðar kröfur á hendur einstökum banka eða sparisjóði, að meðtöldum innlánnum, skulu ekki vera hærri en 25% af hreinni eign.	0%	0% - 10%
B.c. Sértryggð skuldabréf Undir þennan flokk falla skuldabréf skv. lögum um sértryggð skuldabréf og samsvarandi skuldabréf gefin út í löndum EES, EFTA eða í Færeyjum.	1%	0% - 10%
C.a. Skuldabréf lánastofnanna og tryggingafélaga Eiginfjárhlutfall viðkomandi fjármálastofnunar sé yfir 8% skv. CAD reglum (eða samsvarandi reglum sem gilda um viðkomandi fjármálastofnun). Víkjandi skuldabréf falla ekki undir þennan flokk.	0%	0% - 5%
C.b. Verðbréfasjóðir (UCITS) Verðbréfasjóðir eru fjölbreyttur eignaflokkur í eðli sínu. Þeir geta innihaldið marga og mjög ólíka eignaflokka eins og hlutabréf, skuldabréf, marksjóði og fleira. Einnig geta einstakir verðbréfasjóðir innihaldið fleiri en einn eignaflokk. Hlutfall eigna í þeim er því ávallt afleiðing af ákvörðunum um fjárfestingu í viðkomandi eignaflokki. Verðbréfasjóðir eru áhugaverður kostur vegna áhættudreifingar og þess að þeir eru undir mjög ströngu eftirliti. Við val á verðbréfasjóðum skal skoða þætti eins og: árangur, stærð, aldur sjóðs, sjóðstjóra og fjárfestingateymi, þóknarir og gengismun, fylgni og flökt. • Æskilegt er að sjóðir hafi daglegt gengi (NAV) og hægt sé að leita upplýsinga um það á upplýsingaveitu t.d. Bloomberg. • Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs takmarkast við 25%. • Ekki er heimilt að hafa meira en 25% af hreinni eign lífeyrissjóðsins í verðbréfasjóðum og fjárfestingasjóðum innan sama rekstrarfélags.	22%	10% - 40%
D.a. Skuldabréf fyrirtækja og víkjandi skuldabréf Undir þennan flokk falla skuldabréf fyrirtækja og víkjandi skuldabréf lánastofnana og tryggingafélaga. Aðallega er horft til skuldabréfa veitufyrirtækja, fyrirtækja í opinberri eigu, skuldabréfa sem eru með tryggingar eða fyrirtækja með mjög stöðugan rekstur. Við kaup á víkjandi bréfum skal horft til eiginfjárstöðu og rekstrar viðkomandi skuldara.	11%	0% - 15%

	Stefna	Vikmörk
D.b. Skuldabréf annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu Skuldabréf fagfjárfestasjóða falla undir þennan lið. Hér er um að ræða flokk sem inniheldur skuldabréf með traustar tryggingar og skuldabréf framtakssjóða án trygginga sem eru þau áhættumestu í bókum sjóðsins.	1%	0% - 15%
E.a. Hlutabréf félaga Viðmiðunarvísitala fyrir innlend hlutabréf sjóðsins er Nasdaq Iceland All-Share GI. Viðmiðunarvísitala fyrir erlend hlutabréf sjóðsins er heimsvísitala Morgan Stanley (MSCI ACWI). Aðrar takmarkanir sjóðsins eru eftirfarandi: - Lífeyrissjóðnum er eigi heimilt að eiga meira en 20% af hlutafé í hverju hlutafélagi. - Fyrirtæki sem fjárfest er í, hafi skýra stefnu og markmið um arðsemi og/eða vöxt. - Fjárfestingar í óskráðum hlutabréfum þarf að skoða og greina vel, þær þarfnast alltaf samþykkis stjórnar.	24%	5% - 35%
E.b. Hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu Undir þennan lið falla m.a. sérhæfðar fjárfestingar sem á ensku nefnast Alternative Investments, þar á meðal Vogunarsjóðir (Hedge Funds), Framtakssfjárfestingar (Private Equity), Fasteignasjóðir (Real Estate) og aðrar gerðir fjárfestingafélaga, -sjóða og -samlaga. Fjárfestingum í erlendum sjóðum skal almennt beint í sjóði/félög sem sinna slíkum fjárfestingum. Hámarks eignarhlutdeild í sjóðum af þessu tagi má ekki fara yfir 20% af heildareign hvers sjóðs.	14%	5% - 20%
Framtakssjóðir Framtakssfjárfestingum skal almennt beint í sjóði/félög sem sinna slíkum fjárfestingum. Lífeyrissjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í slíkum sjóðum/félögum enda uppfylli þeir önnur almenn skilyrði um kaup á hlutafélögum og/eða verðbréfasjóðum. Fjárfestingar í þessum eignaflokki mega ekki fara yfir 20% af hreinni eign lífeyrissjóðsins.	12%	5% - 20%
Vogunarsjóðir Með fjárfestingu í vogunarsjóðum er leitast eftir að finna sjóði þar sem ávöxtun sveiflast ekki í takt við aðra eignaflokka. Fjárfestingar í þessum eignaflokki mega ekki fara yfir 5% af hreinni eign lífeyrissjóðsins.	1%	0% - 5%
Fasteignasjóðir Fjárfesting í fasteignasjóði er gerð með það fyrir augum að nýta eignaflokk sem sveiflast ekki í takt við aðrar fjárfestingar. Fjárfestingar í þessum eignaflokki mega ekki fara yfir 5% af hreinni eign lífeyrissjóðsins.	1%	0% - 5%
E.c. Fasteignir Fjárfestingar í fasteignum eru ekki fyrirhugaðar af hálfu sjóðsins og munu þurfa sérstakt samþykki stjórnar ef því verður breytt.	0%	0% - 5%
F.a. Afleiður Heimilt að gera afleiðusamninga sem draga úr áhættu sjóðsins. Ef markaðsaðstæður á hverjum tíma gefa til kynna að lífeyrissjóðurinn þurfi að verja sig gegn skammtímasveiflum á innlendum eða erlendum mörkuðum mun stjórnin meta það hverju sinni hvort nýta eigi þessa heimild.	0%	0% - 10%
F.b. Aðrar fjárfestingar Undir þennan lið fara allar fjárfestingar sem ekki flokkast undir aðra liði hér að ofan.	0%	0% - 5%

Aðrir þættir fjárfestingastefnu.

Nánari reglur og takmarkanir um fjárfestingar

Þar sem skuldbindingar sjóðsins eru verðtryggðar, skal hlutfall óverðtryggðra skuldabréfa ekki fara yfir 15% af heildareignum sjóðsins. Lífeyrissjóðnum er óheimilt að eiga meira en 10% af skuldaviðurkenningum útgefnum af eða með ábyrgð sama aðila, tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni. Þessi takmörk eiga ekki við um kröfur með ábyrgð ríkis.

Stærsti hluti skuldabréfa sjóðsins er metinn á kaupávöxtunarkröfu í uppgjörum í stað markaðskröfu og eru skuldbindingar sjóðsins viðmið þar. Viðmiðunarvísitölur skuldabréfa á gangvirði eru viðeigandi skuldabréfavisitölur Kviku eignarstýringar og eða kauphallar.

Erlend verðbréf

Markmið með fjárfestingu í erlendum verðbréfum er að dreifa áhættu og bæta ávöxtun sjóðsins. Um erlendar fjárfestingar gildar allar sömu grundvallarreglur og innlendar. Fjárfestingar í erlendum verðbréfum taka mið af væntingum um þróun á innlendum verðbréfamarkaði ekki síður en erlendum. Hlutfall erlendra eigna skal þó ekki fara umfram lögbundin mörk.

Stefnt er að ná að jafnaði betri árangri í samanburði við fyrir fram skilgreinda viðmiðunarvísitölu. Sömu takmarkanir skulu gilda um kaup á erlendum verðbréfum og gilda um kaup á sambærilegum innlendum verðbréfum.

Heimilt er að gera samninga um stýringu sérgreindra safna erlendra hlutabréfa. Slíkir samningar skulu samþykktir af stjórn sjóðsins.

Til lengri tíma litið skulu fjárfestingar í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum vera 80-100% af markaðsvirði erlendar verðbréfaeignar og í skuldabréfum 0-20%, enda hafa hlutabréf að jafnaði gefið betri ávöxtun en skuldabréf til lengri tíma litið.

Óskráð verðbréf

Allar fjárfestingar sem flokkast óskráðar, þurfa sérstakt samþykki stjórnar. Samkvæmt heimildum laga má sjóðurinn eiga óskráð verðbréf sem nema allt að 20% af heildarfjárfestingum auk 5% sem skráð eru á markaðstorg fjármálagjörninga. Lögð verður áhersla á að kaupa skráð verðbréf, en þessa heimild í lögum mun sjóðurinn nýta, verði kjör óskráðu verðbréfa talin hagstæðari en skráðra bréfa, að teknu tilliti til áhættu, að mati sjóðsstjórnar.

Við fjárfestingar í óskráðum félögum skal sérstök áhersla lögð á áhættudreifingu eftir því sem við verður komið, einkum með kaupum á hlutum í fjárfestingafélögum og hlutabréfasjóðum er sérhæfa sig í fjárfestingum í óskráðum hlutafélögum. Við bein kaup í einstökum óskráðum félögum skal leitast við að kaupa í félögum sem stefna að skráningu á verðbréfamarkað í náinni framtíð eða að önnur útgönguleið sé áætluð.

Fyrirtæki sem eingöngu sinna þjónustuverkefnum fyrir sjóðinn

Til grundvallar fjárfestingum í félögum sem eingöngu sinna þjónustuverkefnum fyrir sjóðinn skulu liggja arðsemi og rekstrarhagsmunir hans. Markmið sjóðsins er að þessar fjárfestingar lækki kostnað, séu fáar og fari ekki yfir 1% af heildarfjárfestingum hans.

Markmið um gjaldmiðlasamsetningu

Gjaldmiðlasamsamsetning sjóðsins skal taka mið af markaðsaðstæðum, gengisvísitölu íslensku krónunnar og samsetningu heimsvísitölu MSCI ACWI hverju sinni. Stefna sjóðsins er að hlutfall erlendra gjaldmiðla sé 40% af eignasafni. Nánari skipting á flokka og vikmörk er í fylgiskjali.

Viðmið um notkun afleiðusamninga

Afleiðusamningar eru aðallega notaðir til gengisvarna. Sjóðurinn á að geta staðið af sér skammtímasveiflur á gjaldeyrismarkaði, en eðlilegt er að fylgjast með sveiflum á gengi íslensku krónunnar og grípa til gengisvarna þegar líkur eru taldar á hækkun krónunnar gagnvart erlendum myntum. Nota skal greiningar frá helstu greiningaraðilum þegar ákvarðanir eru teknar um gengisvarnir. Við kaup á skuldabréfum í erlendra mynt má samhliða skoða hagkvæmni þess að gera gjaldmiðlaskipta-samninga og verjast þannig gengissveiflum.

Í heimsvísitölu hlutabréfa MSCI ACWI er vægi USD herra en í gengisvog krónunnar og vægi EUR minna. Við gengisvarnir er eðlilegt að miða við gengisvog íslensku krónunnar en þó heimilt að gera samninga einungis í EUR eða USD.

Sjóðurinn nýtir áskriftarréttindi og kauprétti sem eru innan fjárfestingaheimilda í viðkomandi eignaflokkum, stjórn tekur ákvörðun um kaup á slíkum afleiðum sem og öðrum sem hugsanlega geta varið eignasafn sjóðsins fyrir sveiflum.

Markmið um meðallíftíma skuldabréfaflokka í árum

Flokkar skuldabréfa	Markmið	Meðallíftími nú
Ríkissjóður og bréf með ríkisábyrgð	9	4,2
Sveitarfélög	10	8,7
Önnur verðbréf	8	7,7
Fasteignatryggð skuldabréf	9	11,40
Skuldabréf á markaðskröfu	8	5,4
Markmið og núverandi meðaltími skuldabréfa	9	10,0

Sjálfbærar fjárfestingar

Horft verður í auknum mæli á sjálfbærar fjárfestingar skv. UFS leiðbeiningum (e. EGS), UFS stendur fyrir umhverfi, félagslega þætti og stjórnarhætti. Græn skuldabréf í eigu sjóðsins eru nú um 3% af heildareign sjóðsins en græn skuldabréf eru gefin út í þeim tilgangi að fjármagna framkvæmdir eða breytingar sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið. Slík skuldabréf eru vottuð fyrir útgáfu og lúta eftirliti yfir líftímann. Önnur skuldabréf sem uppfylla UFS kröfur eru um 2,9% af heildareign sjóðsins og því eru sjálfbærar fjárfestingar sjóðsins um 6% í lok september 2025.

Markmið og viðmið um ávöxtun og áhættu

Tryggja þarf að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar á sem öruggastan hátt og aukið réttindi sjóðfélaga, ef mögulegt er. Sjóðurinn er langtímafjárfestir, horfir til langtímaávöxtunar og þolir því skammtímasveiflur markaða að talsverðum hluta. Reynt verður að milda áhrif slíkra sveiflna með virkri stýringu og nýta þannig tímasetningar á markaði að einhverju leyti. Þegar litið er til markmiða um eignasamsetningu er horft til langs tíma og eldri langtímameðaltöl skoðuð til að byggja á væntingar um ávöxtun. Langtímarau návöxtun hlutabréfa í þróuðum ríkjum er um 5,1% frá 1900 til 2022. Á sama tíma er raunávöxtun ríkisskuldabréfa 2,0% (*Credit Suisse Research Institute*). Einnig er stuðst við gögn á vefsíðum BlackRock Investment Institute (<https://www.blackrock.com/institutions/en-us/insights>) og gögn frá ALM ráðgjöf. Framkvæmd og útfærsla fjárfestingastefnu tekur mið af þessum forsendum. Viðmið sjóðsins eru viðmiðunarvísitölur hans. Almennur mælikvarði áhættu er flökt ávöxtunar sem í daglegri starfsemi á best við þegar metin er áhætta innlendra og erlendra hlutabréfa. Í jaðartilvikum getur verið um að ræða fjárfestingar sem lúta að mjög sérhæfðu áhættumati, sem krafist getur sérstakrar viðmiðunarvísitölu sem endurspeglar betur áhættu viðkomandi fjárfestingar.

Viðmiðunarvísitölur

Flokkur	Viðmiðunarvísitala	Annað
Íslensk skuldabréf	Vísitölur kauphallar og Kviku eignastýringar.	Kaupávöxtunarkrafa ríkjandi uppgjörsaðferð.
Íslensk hlutabréf	OMXIGI - Heildarvísitala m/arði	
Erlend skuldabréf	JP Morgan World Government Bond Index	
Erlend hlutabréf	MSCI All Countries World Index (MSCI ACWI)	Nota skal vísitölur að teknu tilliti til arðs
Framtakssjóðir/óskráð	Viðeigandi vísitölur	
Erlendir vogunarsjóðir	HFRX	Aðrar vísitölur eða föst ávöxtun eftir sjóðum

Markmið um atvinnugreinaskiptingu

Atvinnugreinaskipting verðbréfasafns skal taka mið af markaðsaðstæðum hverju sinni. Innlend hlutabréfaeign skal taka mið af atvinnugreinaskiptingu Nasdaq Iceland og erlend hlutabréfaeign af skiptingu MSCI ACWI.

Fjárfestingar sem þurfa samþykki stjórnar

Allar óskráðar fjárfestingar sem og allar fjárfestingar sem eru óvenjulegar eða óhefðbundnar þarfnast samþykkis stjórnar. Í viðauka með samningi um eignastýringu eru skilgreind fjárhæðarmörk á eignaflokka sem teljast hefðbundin. Ef ekki er mögulegt að bera fjárfestingar undir stjórnarfund er heimilt að fá samþykki stjórnar með tölvupósti sem er bókað á næsta fundi.

Áhættustýring og eftirfylgni

Sjóðurinn fylgist vel með þróun eignasafns og helstu áhættum sem tengjast ávöxtun og tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Í mánaðarlegum skýrslum eignastýringaraðila til stjórnar er farið ítarlega yfir þróun eignasafns sjóðsins ásamt þróun helstu vísitalna og verðbréfa. Þar kemur fram m.a. áætluð tryggingafræðileg staða, samanburður við fjárfestingastefnu, yfirlit um stærstu útgefendur, sundurliðun ávöxtunar á verðbréfaflokka og á verðbréfa- og hlutdeildarsjóði, yfirlit um ávöxtun skráðra innlendra hlutabréfa, um meðallíftíma og kaupkröfu skuldabréfa, um kaup og sölu allra verðbréfa, sundurliðun á óskráðum verðbréfum auk heildarlista sem er sundur liðaður á útgefendur og eignaflokka. Eignastýringaraðilar, framkvæmdastjóri og áhættustjóri fylgjast daglega með helstu liðum í eignasafni sjóðsins. Auk þessa hefur sjóðurinn ráðið ALM verðbréf hf. til þess að mæla áhættu og ber þeim að skila skýrslu ársfjórðungslega. Staða óskráðra verðbréfa hefur verið eini liðurinn í safni sjóðsins sem hefur verið nálægt mörkum laga og er fylgst sérstaklega vel með þeirri stöðu.

Greinargerð um hlýtingu við 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997

1. Fjárfestingastefnan í heild er mótuð eftir og í samræmi við 36. grein laga nr. 129/1997 og umfjöllun byggð á henni. En hér er farið fyrir einstaka töluliði 1. mgr. hennar. Hugsað er um hagsmuni sjóðfélaga með því að leitast við að hámarka raunávöxtun til lengri tíma. Til þess þarf að taka þá áhættu sem ásættanleg er án þess að líkur á réttindaskerðingu verði miklar.
2. Horft er til aldurssamsetningar og annarra tryggingafræðilegra þátta á bls. 5-7 hér að ofan.
3. Allar fjárfestingar sjóðsins byggja á viðeigandi greiningum þar sem tekið er tillit til öryggis, gæða, lausafjárstöðu og arðsemi safnsins í heild. Fjallað er um alla þessa þætti í fjárfestingastefnunni enda eru þetta grunnforsendur hennar. Gert er sérstakt ákvarðanatökublað með öllum fjárfestingum þar sem þessir þættir eru staðfestir.
4. Gætt er vel að eigna- og áhættudreifingu í eignasafni sjóðsins. Það er meðal annars gert með því að bera saman sögulega ávöxtun, flökt og fylgni ávöxtunar eignaflokka. Vænt ávöxtun í framtíð er einnig höfð til hliðsjónar. Stefnt er að því að 45% eigna sjóðsins séu í erlendum gjaldmiðlum til að dreifa áhættu enn betur.
5. Sjóðurinn hefur sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar sem fara hér á eftir.

Stefna Lífeyrissjóðs Vestmanneyja um ábyrgar fjárfestingar

Inngangur

Meginhlutverk LSV er að móttaka iðgjöld, sem eru grundvöllur lífeyrisréttinda og lífeyrissparnaðar sjóðfélaga, ávaxta þau í eignasöfnum og greiða út lífeyri. Það er í höndum stjórnar Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja að leggja árlega fram fjárfestingarstefnu og gera grein fyrir hvernig sjóðurinn hyggst ná þessu markmiði, bæði með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Samkvæmt 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða skal lífeyrissjóður setja sér siðferðisleg viðmið í fjárfestingum. Stefna um ábyrgar fjárfestingar greinir frá viðmiðum Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja í þessum efnum.

Með ábyrgum fjárfestingum er átt við að litið sé til umhverfismála, félagslegra málefna og stjórnarhátta í fjárfestingum og tekur til beinna fjárfestinga í skráðum fyrirtækjum, sjóðum (að undanskildum vísitölusjóðum) sem fjárfesta aðallega í hlutabréfum, s.s. verðbréfasjóðum, fjárfestingarsjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Mögulegt er að líta til grundvallarsjónarmiða stefnunnar við aðrar fjárfestingar eftir því sem við á.

Við mótun stefnu um ábyrgar fjárfestingar er m.a. byggt á íslenskum lögum um starfsemi lífeyrissjóða, viðurkenndum innlendum viðmiðum, löggjöf Evrópusambandsins sem varðar EES-samninginn, alþjóðlegum sáttmálum og viðurkenndum erlendum viðmiðum.

Markmið stefnunnar

LSV er langtímafjárfestir og hefur það að markmiði að hámarka lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga og tryggja þeim bestu lífeyrisréttindi sem kostur er á með ávöxtun iðgjalda, áhættustýringu og hagkvæmum rekstri, í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins á hverjum tíma að teknu tilliti til ávöxtunar og áhættu, en um leið lætur LSV sig varða hvernig fjármunatekjur sjóðsins verða til.

LSV telur það styðja við ábyrga langtímaávöxtun að fjárfesta í fjármálagerningum sem gefnir eru út af fyrirtækjum, opinberum aðilum og öðrum útgefendum sem byggja starfsemi sína á sjálfbærum grundvelli. Því leggur LSV áherslu á að eignasöfn sjóðsins samanstandi af fjármálagerningum útgefenda sem viðhalda góða stjórnarhætti og byggja á viðskiptalíkönum þar sem áhersla er lögð á sjálfbæra verðmætasköpun.

Markmið um ábyrgar fjárfestingar er að marka stefnu sjóðsins sem eiganda í þeim félögum sem hann fjárfestir í á sviði umhverfismála, félagslegra málefna og sjálfbærar fjárfestingar. Í því felst m.a. að:

- leggja áherslu á fjárfestingakosti sem styðja við ábyrga langtímaávöxtun að teknu tilliti til áhættu
- hafa uppbyggileg og virðisaukandi áhrif á útgefendur fjármálagerninga sem fjárfest er í
- greina og sneiða hjá atvinnugreinum og fyrirtækjum sem LSV vill ekki sækja ávöxtun til vegna eðli atvinnugreinar eða rekstrar viðkomandi fyrirtækis
- styðja við virka og árangursríka áhættustýringu

LSV tekur tillit til þessara þátta að því marki sem rúmast innan framangreindra heildarmarkmiða sjóðsins um hámarkun lífeyrisréttinda til sjóðfélaga og lítur svo á að tillit til þessara þátta geti verið grundvöllur langtímaávöxtunar sjóðsins.

Um framkvæmd stefnunnar

Stefna um ábyrgar fjárfestingar er höfð til hliðsjónar við ákvarðanir um einstakar fjárfestingar og eftirfylgni með slíkum fjárfestingum, ásamt því að vera til hliðsjónar við mótun og endurskoðun fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Stjórn LSV hefur eftirlit með framkvæmd stefnunnar. Ábyrgð á innleiðingu og eftirfylgni er á ábyrgð framkvæmdastjóra í samráði við stjórn sjóðsins. Við framkvæmd stefnunnar skal gætt að viðeigandi reglum um hagsmunaárekstra og vanhæfi.

Framkvæmd ábyrgra fjárfestinga

Stefna LSV sem eiganda er að standa vörð um hagsmuni sjóðfélaga sjóðsins til lengri og skemmri tíma. Sjóðurinn beitir sér sem eigandi, sbr. að neðan, í þeim tilgangi að stuðla að langtímahagsmunum og sjálfbærni þeirra félaga sem sjóðurinn fjárfestir í. Grunnildi sjóðsins á sviði umhverfismála, félagslegra málefna og sjálfbærni í fjárfestingum, byggja á grunnildum íslenska ríkisins, sem meðal annars birtast í ákvæðum stjórnarskrár og almennra laga.

LSV lætur umhverfismál, félagsleg málefni og sjálfbærni í fjárfestingum sig varða og lætur til sín taka ef atvik koma upp á þessum sviðum, sbr. að neðan, með það að markmiði að hafa áhrif á viðhorf og stefnu þeirra félaga sem sjóðurinn fjárfestir í til umhverfismála, félagslegra málefna og sjálfbærni í fjárfestingum.

Virkt eignahald

LSV fylgist reglulega með þeim útgefendum sem sjóðurinn er fjárfestir í. Slík eftirfylgni fer helst fram á grundvelli opinberra upplýsinga, svo sem ársskýrsla og árshlutauppgjöra, UFS skýrslugjafar og hluthafafunda, annarra funda með fjárfestum og fréttamfjöllunar. Slík umfjöllun getur bæði verið fjárhagsleg og ófjárhagsleg. Virkt eignahald lýtur einkum að fjármálagerningum sem LSV fjárfestir beint í. Hvað óbeint eignarhald varðar eru samskipti við útgefendur verðbréfa í höndum þriðja aðila. Í þeim tilvikum leggur LSV áherslu á virkt eignahald viðkomandi aðila endurspeglir megináherslur stefnu LSV um ábyrgar fjárfestingar og hluthafastefnu sjóðsins.

Samskipti við útgefendur fjármálagerninga

Ef tilefni er til hefur LSV frumkvæði af því að hafa samband við útgefendur til að afla frekari upplýsinga og koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Varðandi hlutabréfaeign byggja þau samskipti á hluthafastefnu LSV. Varðandi skuldabréf er litið til svipaðra sjónarmiða að teknu tilliti til skilmála skuldabréfa og atvika að öðru leyti. LSV hefur ýmist samband á eigin vegum eða með aðkomu ráðgjafa. Þá er það metið hverju sinni hvort LSV hafi samband sjálfstætt eða í samstarfi við aðra hluthafa/kröfuhafa. Varðandi beitingu atkvæðaréttar leggur LSV áherslu á að nýta atkvæðarétt sinn í innlendum hlutafélögum í samræmi við hluthafastefnu sjóðsins eftir fremsta megni. Ákvörðun um beitingu atkvæðaréttar innlendra hlutafélaga er tekin innan sjóðsins. Varðandi erlend eignasöfn þá er beiting atkvæðaréttar í höndum viðkomandi stýringaraðila. Hvað varðar erlend sérgreind hlutabréfasöfn þá er í skoðun hvernig útfæra eigi ráðstöfun atkvæðaréttar, til að mynda með umboðskosningu (e. proxy voting).

Skynsemisreglan

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja tekur ákvarðanir um fjárfestingar sem byggðar eru á skynsemisreglu (e. Prudent Person Rule). Sú regla byggir á almennum kröfum við mótun stefnunnar og þeim fjárfestingum sem gerðar eru í samræmi við hana. Um er að ræða almennar kröfur sem taldar eru skynsamlegar þegar lágmarkskröfum laga sleppir. Megininntak reglunnar er að setja hagsmuni sjóðfélaga framar öðrum hagsmunum. Þá þarf að sýna varfærni í störfum sínum og sinna þeim með aðgát, kunnáttu og af kostgæfni og að forsendur fjárfestinga sjóðsins séu byggðar á greiningu gagna sem standast rökrétta rýni. Skynsemisreglan leitast því við að tryggja að fjárfestingar sjóðsins séu byggðar upp með faglegum hætti með hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi.

Upplýsingagjöf um áhrif fjárfestinga á umhverfi og samfélag

Stefna um ábyrgar fjárfestingar er höfð til hliðsjónar við ákvarðanir um einstakar fjárfestingar og eftirfylgni með fjárfestingum, ásamt því að vera til hliðsjónar við mótun og endurskoðun fjárfestingarstefnu sjóðsins. Lífeyrissjóður Vestmannaeyja mun horfa til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR), m.a. með tilliti til mismunandi eignaflokka, aðgengilegra gagna og gagnagæða.

Fjárfestingastefna séreignadeildar LSV

Viðmið og vilmörk vegna fjárfestinga fyrir Safn I og Safn II.

Forsendur

Séreignadeild sjóðsins tekur við og ávaxtar frjálsan lífeyrissparnað rétthafa sem og tilgreinda séreign sjóðsfélaga sem þess hafa óskað. Deildin tók til starfa í ársbyrjun 1999, en frá 1. júlí 2017 gafst sjóðsfélögum tækifæri á að ráðstafa hluta eða öllu leyti því iðgjaldi sem er umfram 12% í tilgreinda séreign. Samtryggingardeild, séreignadeild og tilgreind séreign eru fjárhagslega aðskildar. Deildirnar fjárfesta þó saman í eignaflokkum. Velja þarf auðseljanlegar fjárfestingar þar sem rétthafar geta óskað eftir flutningi inneignar til annarra vörsluaðila og þarf þá að vera mögulegt að selja eignir á móti þeim flutningum. Fjárfestingaheimildir séreignadeildar eru að því leyti þrengri en samtryggingardeildar. Fjárfestingastefna séreignadeildar er endurskoðuð reglulega með tilliti til aðstæðna á markaði.

Markmið um ávöxtun og áhættu eignasafna séreignadeildar

Sömu markmið og viðmiðunarvísitölur eiga við um fjárfestingar séreignadeildar og um samtryggingardeild sjóðsins. Þess ber þó að geta að framtíðarskuldbinding fyrir séreignasparnað er ekki reiknuð út frá 3,5% ávöxtunarkröfu eins og fyrir samtryggingarsjóði og að allir eignaflokkar séreignadeildar eru bókfærðir á markaðsverði. Því verður meira flökt á eignasafni séreignadeildar en sameignar. Sjóðurinn er með tvær fjárfestingaleiði, Safn I og Safn II. Í báðum eignasöfnum séreignadeildar sjóðsins er leitast við að ná hæstu mögulegri ávöxtun að teknu tilliti til áhættu. Safn I er ætlað fyrir sjóðfélaga sem eru komnir á eftirlaun eða vilja minni áhættu. Báðar deildir hafa yfir 50% af safninu í traustum skuldabréfum sem eiga að gefa trausta ávöxtun til langs tíma. Safn I er aðeins með 32% í hlutabréfum og 11% í skammtímaskuldabréfasjóðum og stuttum skuldabréfasjóðum sem dregur verulega úr sveiflum í safninu. Safn II er með 48% í hlutabréfum sem eiga að gefa betri ávöxtun til lengri tíma en með meira flökti. Þessir eignaflokkar eru valdir með það í huga að nægileg áhættudreifing sé fyrir hendi og er m.a. skoðuð fylgni milli ávöxtunar þessara eignaflokka.

Markmið um eignasamsetningu og vilmörk

Verðbréfaflokkar	Safn I			Safn II		
	Markmið	Lágmark	Hámark	Markmið	Lágmark	Hámark
Skammtímaskuldabréfasjóðir	3%	0%	30%	0%	0%	10%
Stuttir skuldabréfasjóðir	8%	0%	30%	0%	0%	20%
Ríkisskuldabréf	25%	0%	35%	20%	0%	30%
Sértryggð skuldabréf	8%	0%	20%	8%	0%	20%
Skuldabréf sveitarfélaga	16%	0%	30%	16%	0%	30%
Önnur skuldabréf	8%	0%	30%	8%	0%	30%
Erlend hlutabréf	20%	10%	30%	32%	20%	45%
Innlend hlutabréf	12%	0%	20%	16%	5%	30%

Breytist vægi eignaflokka, t.d. vegna breytinga á markaðsgengi, þannig að vægi þeirra verði utan marka fjárfestingastefnu við lok hvers mánaðar, skal leitast við að leiðrétta misvægið.

Markmið um meðallíftíma skuldabréfa

Skammtímaskuldabréfasjóðir	0 – 3 mánuðir
Stuttir skuldabréfasjóðir	1 – 3 ár
Önnur skuldabréf	3 – 12 ár

Viðmið um notkun afleiða

Afleiðusamningar mega ekki nema meira en 10% af hreinni eign séreignadeildar.

Hámarksfjárfesting í verðbréfum útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni

Samanlögð eign hvernar fjárfestingarleiðar í fjármálagerningum útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meira en 20% af hreinni eign sjóðsins. Í fjárfestingaleiðum sem taka við tilgreindri séreign er þetta hlutfall 10%. Verðbréf skv. 1. tölul. 2. mgr. 36. gr. a. laga 127/1997 falla ekki undir ákvæði þetta.

Hámarkshlutdeild í hlutafé einstakra fyrirtækja

Hámarkshlutfall í hlutabréfum einstakra fyrirtækja er 20%.

Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af verðbréfasjóði/fjárfestingasjóði eða deild þeirra

Samanlögð eign hvernar fjárfestingarleiðar má ekki vera meira en 25% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum útgefnum af sama verðbréfa- eða fjárfestingarsjóði eða einstakri deild hans.

Hámarksfjárfesting í verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðum innan sama rekstrarfélags

Samanlögð eign hvernar fjárfestingarleiðar má ekki vera meira en 25% af hlutum útgefnum af sama verðbréfa- eða fjárfestingarsjóði eða einstakri deild hans eða í verðbréfasjóðum innan sama rekstrarfélags.

Hlutfall fasteignaveðtryggðra skuldabréfa

Séreignadeildir sjóðsins fjárfesta ekki í veðskuldabréfum.

Hlutfall eigna í virkri stýringu

Gert er ráð fyrir því að allar eignir séu í virkri stýringu.

Markmið um hlutfall lausafjár

Ekki hefur verið sett markmið um hlutfall lausafjár, þar sem ekki er þörf fyrir lausafé í deildinni því hún fjárfestir aðeins í auðseljanlegum verðbréfum. Samtryggingardeild, séreignadeild og tilgreind séreign eru fjárhagslega aðskildar, en deildirnar fjárfesta saman í eignaflokkum og séreignadeild kaupir eignir af samtryggingardeild til að fjárfesta í á móti þeim framlögum og réttindaflutningum sem í séreignadeild berast. Á sama hátt selur séreignadeild samtryggingardeildinni eignir til að standa straum af endurgreiðslum lífeyrissparnaðar, flutningum frá séreignadeild og kostnaði.

Markmið um gjaldmiðlasamsetningu verðbréfasafns

Gert er ráð fyrir að um 25% eigna Safns I og um 35% af eignum Safns II séu í erlendri mynt. Gjaldmiðlasamsetning tekur mið af samsetningu heimsvísitölu MSCI ACWI.

Markmið um atvinnugreinaskiptingu verðbréfasafns

Atvinnugreinaskipting séreignadeildar skal taka mið af markaðsaðstæðum hverju sinni. Innlend hlutabréfaeign skal taka mið af atvinnugreinaskiptingu Nasdaq Iceland og erlend hlutabréfaeign af skiptingu MSCI ACWI.

Lokaorð og undirritun

Lífeyrissjóðurinn er langtímafjárfestir og eru markmið fjárfestingastefnu í eðli sínu til lengri tíma. Ýmsir takmarkandi þættir, svo sem skortur á framboði verðbréfaflokka, gjaldeyrishöft og stjórnvaldsaðgerðir, geta haft áhrif á, hvort skemmri tíma markmiðum verði náð. Þessir þættir gera það líka nauðsynlegt að hafa öll vikið fjárfestingastefnunnar nægilega víð til þess að sjóðurinn geti nýtt sér þau tækifæri sem kunna að skapast á markaði.

Stjórn Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja og framkvæmdastjóri staðfesta fjárfestingastefnu sjóðsins fyrir árið 2026.

Vestmannaeyjum, 27. nóvember 2025.

Stjórn Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja

Arnar Hjaltalín, formaður

Rut Haraldsdóttir, varaformaður

Guðný Óskarsdóttir

Sigurbergur Ármannsson

Andrea Atladóttir

Örn Friðriksson

Framkvæmdastjóri

Haukur Jónsson

RAFRÆNAR UNDIRRITANIR ERU Á ÖFTUSTU SÍÐU

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja - Fylgiskjal 1 með fjárfestingastefnu 2026							Sameignardeild					
	I.	II.				III.	III.		IV.	IV.		
	Í hlutfalli af heildareignum lífeyrissjóðs*	Markmið um	Vikmörk**		Núverandi	Hámark skv.	Gengisbundin	Vikmörk		Óskræð	Vikmörk	
		eignasamsetningu	Lægri	Efri	eignasamsetnin	Samþykktum	verðbréf	Lægri	Efri	verðbréf	Lægri	Efri
A.a.	Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	16%	10%	60%	13,7%	100%	0%	0%	10%	0%	0%	20%
A.b.	Fasteignaveðtryggð skuldabréf	3%	0%	15%	3,3%	100%	0%	0%	10%	0%	0%	15%
B.a.	Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	8%	3%	20%	8,3%	100%	0%	0%	10%	0%	0%	20%
B.b.	Innlán	0%	0%	10%	0,5%	100%	0%	0%	10%	0%	0%	10%
B.c.	Sértryggð skuldabréf	1%	0%	10%	1,1%	100%	0%	0%	10%	0%	0%	10%
C.a.	Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum	0%	0%	5%	0,0%	80%	0%	0%	5%	0%	0%	5%
C.b.	Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS	22%	10%	40%	21,9%	80%	21%	10%	35%	0%	0%	20%
D.a.	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, og víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	11%	0%	15%	10,9%	60%	0%	0%	15%	0%	0%	15%
D.b.	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	1%	0%	15%	0,5%	60%	0%	0%	15%	0%	0%	15%
E.a.	Hlutabréf félaga	24%	5%	35%	24,6%	60%	5%	5%	30%	7%	0%	20%
E.b.	Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	14%	5%	20%	14,1%	60%	14%	5%	20%	10%	0%	20%
E.c.	Fasteignir	0%	0%	5%	0,0%	60%	0%	0%	5%	0%	0%	5%
F.a.	Afleiður	0%	0%	10%	0,0%	10%	0%	0%	10%	0%	0%	10%
F.b.	Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0%	0%	5%	1,1%	10%	0%	0%	5%	0%	0%	5%
	Eignir í erlendum gjaldmiðli	35%	25%	50%	40,0%							
		100,00%			100,00%		40,02%			16,74%		

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja - Fylgiskjal 1 með fjárfestingastefnu 2026						Séreignadeild 1								
		I.		II.		III.		III.		IV.				
	Í hlutfalli af heildareignum lífeyrissjóðs*	Markmið um	Vikmörk**		Núverandi	Hámark skv.	Gengisbundin		Vikmörk	Óskráð	IV.			
		eignasamsetningu		Lægri	Efri	eignasamsetnin	Samþykktum	verðbréf		Lægri	Efri	verðbréf	Lægri	Efri
A.a.	Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	25%	0%	30%	25,0%	100%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	30%
B.a.	Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	16%	0%	30%	16,0%	100%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	30%
B.b.	Innlán				0,0%	100%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	20%
B.c.	Sértryggð skuldabréf	8%	0%	20%	8,0%	100%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	20%
C.a.	Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum				0,0%	100%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	20%
C.b.	Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS	20%	10%	80%	20,0%	80%	20%	10%	30%	0%	0%	0%	0%	20%
D.a.	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, og víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	8%	0%	30%	8,0%	60%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	20%
D.b.	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0%	0%	30%	0,0%	60%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	20%
E.a.	Hlutabréf félaga				0,0%	60%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	20%
E.b.	Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	23%	0%	50%	23,0%	60%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	20%
E.c.	Fasteignir					60%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	20%
F.a.	Afleiður					10%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	20%
F.b.	Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður					10%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	20%
	Eignir í erlendum gjaldmiðli	20%	10%	30%	20,0%	50%	20%	10%	30%	0%	0%	0%	0%	20%
		100,00%			100,00%		20,00%							

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja - Fylgiskjal 1 með fjárfestingastefnu 2026										Séreignadeild 1		
Í hlutfalli af heildareignum lífeyrissjóðs*	I.		II.		Núverandi eignasamsetning	Hámark skv. Samþykktum	III.		III.		IV.	
	Markmið um eignasamsetningu	Vikmörk** Lægri	Efri	Vikmörk** Lægri			Gengisbundin verðbréf	Vikmörk Lægri	Efri	Óskræð verðbréf	Vikmörk Lægri	Efri
A.a. Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	25%	0%	30%	25,0%	100%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	30%
B.a. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	16%	0%	30%	16,0%	100%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	30%
B.b. Innlán				0,0%	100%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	20%
B.c. Sértryggt skuldabréf	8%	0%	20%	8,0%	100%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	20%
C.a. Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum				0,0%	100%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	20%
C.b. Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS	20%	10%	80%	20,0%	80%	20%	10%	30%	0%	0%	0%	20%
D.a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, og víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	8%	0%	30%	8,0%	60%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	20%
D.b. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0%	0%	30%	0,0%	60%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	20%
E.a. Hlutabréf félaga				0,0%	60%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	20%
E.b. Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	23%	0%	50%	23,0%	60%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	20%
E.c. Fasteignir					60%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	20%
F.a. Afleiður					10%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	20%
F.b. Aðrir fjármálagemingar, þó ekki afleiður					10%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	20%
Eignir í erlendum gjaldmiðli	20%	10%	30%	20,0%	50%	20%	10%	30%	0%	0%	0%	20%
	100,00%			100,00%		20,00%						

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
Fjárfestingastefna 2026
Undirritunarsíða

 **RAFRÆNT UNDIRRITAD**
Guðný Óskarsdóttir
Kt. 2903595469
Dags. 27.11.2025 14:01:43
Ástæða: Undirritun

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja

 **RAFRÆNT UNDIRRITAD**
Andrea Elín Atladóttir
Kt. 0309694139
Dags. 27.11.2025 14:08:19
Ástæða: Undirritun

 **RAFRÆNT UNDIRRITAD**
Sigurbergur Ármannsson
Kt. 0203685869
Dags. 27.11.2025 13:54:01
Ástæða: Undirritun

 **RAFRÆNT UNDIRRITAD**
Rut Haraldsdóttir
Kt. 2612644129
Dags. 27.11.2025 16:22:27
Ástæða: Undirritun

 **RAFRÆNT UNDIRRITAD**
Örn Friðriksson
Kt. 1201594379
Dags. 27.11.2025 13:55:38
Ástæða: Undirritun

Fjárfestingastefna 2026

 **RAFRÆNT UNDIRRITAD**
Arnar G Hjaltalín
Kt. 2809633999
Dags. 27.11.2025 13:56:56
Ástæða: Undirritun